

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá því í dag vegna 750. máls:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024. - 1905029

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024.

Hinn 21. mars 2019 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókun þar sem mótmælt var harðlega fyrirhuguðum skerðingum á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og var þess krafist að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs yrðu afturkölluð þegar í stað. Bókunin var send viðkomandi ráðuneytum og þingmönnum Suðurkjördæmis.

Hinn 23. mars 2019 var útbýtt þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2020-2024, þar sem er að finna tillögu um að tekjur Jöfnunarsjóðs verði frystar og verði óbreytt að krónutölu í þrjú ár, 2019, 2020 og 2021.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir þessum áformum enn á ný og krefst þess að Alþingi dragi til baka þau áform ríkisstjórnarinnar sem fram koma í fjármálaáætluninni um frýstingu framlaga til Jöfnunarsjóðs. Útilokað er að una við þessa tekjuskerðingu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem fulltrúar ríkisvaldsins hafa beitt í málinu, en þau ganga gegn öllum venjum um samskipti ríkis og sveitarfélaga og gegn lögum um opinber fjármál, auk þess sem þau fela í sér algeran trúnaðarrest.

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 21. mars 2019 vegna áforma fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um að skerða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er hún hér með ítrekuð:

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 3,3 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu. Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er um 505 millj.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 millj.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflokks.

Árið 2015 voru samþykktar leiðréttingar á framlögum til málefna fatlaðra sem námu um 1,5 milljarði króna. Sú niðurstaða var samkomulag sem byggði á löngu og ítarlegu samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Að þurrka nánast út með einu pennastriki þann árangur sem þá náðist er í hróplegu ósamræmi við það samstarf við ríkið sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í að styrkja á liðnum áratug.

Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarrest gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.

Sveitarstjórn krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri